

Föstudaginn 7. febrúar 1992.

Nr. 355/1991. **Ákærvaldið**

(Björn Helgason saksóknari)

gegn

Ívari Árnasyni

(Örn Clausen hrl.).

Fjársvik. Tékkar. Skilorð.

Dómur Hæstaréttar.

Mál þetta dæma hæstaréttardómararnir Haraldur Henrysson og Hjörtur Torfason og Auður Þorbergsdóttir borgardómari.

Ríkissaksóknari hefur skotið máli þessu til Hæstaréttar með stefnu 15. ágúst 1991 að ósk ákærða og einnig af hálfu ákærvaldsins til þyngingar á refsingu.

Með skírskotun til forsendna hins áfrýjaða dóms ber að staðfesta hann, að því er varðar sakfellingu og heimfærslu til refsíákvæða. Refsing ákærða þykir og hæfilega ákveðin í dómnum, fangelsi 60 daga.

Upplýst er hér fyrir dómi, að ákærði búi við skerta heilsu og örorku af þeim sökum og eigi erfitt uppdráttar að ýmsu leyti. Með hliðsjón af því og öðrum atvikum þykir mega skilorðsbinda refsingu hans, eins og nánar segir í dómsorði.

Ákvæði hins áfrýjaða dóms um sakarkostnað eiga að vera óröskuð.

Ákærði greiði áfrýjunarkostnað sakarinnar, eins og í dómsorði greinir.

D ó m s o r ð:

Ákærði, Ívar Árnason, sæti fangelsi 60 daga, en fullnustu refsingarinnar skal frestað, og fellur hún niður að liðnum þremur árum frá uppsögu dóms þessa, haldi ákærði almennt skilorð 57. gr. almennra hegningarlaga nr. 19/1940, sbr. 4. gr. laga nr. 22/1955.

Ákvæði hins áfrýjaða dóms um sakarkostnað eiga að vera óröskuð.

Ákærði greiði allan áfrýjunarkostnað sakarinnar, þar með talin saksóknarlaun í ríkissjóð, 30.000 krónur, og málsvarnarlaun skipaðs verjanda síns, Arnar Clausen hæstaréttarlögmanns, 30.000 krónur.

Dómur sakadóms Reykjavíkur 13. ágúst 1991.

Ár 1991, þriðjudaginn 13. ágúst, er á dómþingi sakadóms Reykjavíkur, sem haldið er í Borgartúni 7 af Péttri Guðgeirssyni sakadómar, kveðinn upp dómur í sakadómsmálinu nr. 391/1991: Ákærvaldið gegn Ívari Árnasyni, sem dómtekið var sama dag.

Málið er höfðað með ákæruskjali ríkissaksóknara, dagsettu 7. júní 1991, á hendur ákærða, Ívari Árnasyni, Grjótagötu 14 B, Reykjavík, kt. 270354-289, „fyrir tékkasvik með því að hafa í febrúar og mars 1990 gefið út til handhafa eftirtalda 19 tékka á reikning sinn nr. 68769 í Landsbanka Íslands, aðalbanka, án þess að innstæða væri fyrir þeim á reikningnum, og notað tékkana í viðskiptum með eftirgreindum hætti í Reykjavík:

1. Nr. 2033978, 4.000 kr., dagsettur 16. mars. Notaður í staðgreiðsluviðskiptum, og ber tékkinn framsal Birgis Eyþórssonar og ÁTVR, Lindargötu 46.

2. Nr. 2033979, 1.000 kr., dagsettur 17. mars. Notaður í staðgreiðsluviðskiptum, með framsali Georgs Sigurðssonar.

3. Nr. 2033980, 1.000 kr., dagsettur sama dag. Notaður í staðgreiðsluviðskiptum, með framsali Björns Ólafssonar og stimpli Brauðbitans, Laugavegi 45.

4. Nr. 2033981, 2.000 kr., dagsettur 18. mars. Greiddar veitingar í Duushúsi, Aðalstræti 4 B.

5. Nr. 2033982, 2.000 kr., dags. sama dag. Sama notkun.

6. Nr. 2033983, 1.000 kr., dagsettur 19. mars. Greiddar veitingar í Nýja kökuhúsinu.

7. Nr. 2033988, 2.000 kr., dagsettur 25. mars. Greiddar veitingar í Í leiðinni, Hafnarstræti 20.

8. Nr. 2033989, 2.000 kr., dagsettur 24. mars. Greiddar vörur í Skóluturninum Vesturgötu 27.

9. Nr. 2034015, 1.000 kr., dagsettur 13. febrúar. Greiddar veitingar í Tunglinu, Lækjargötu 2.

10. Nr. 2034016, 1.000 kr., dags. sama dag. Sama og 4. tl.

11. Nr. 2034017, 1.000 kr., dagsettur 15. febrúar. Notaður í Söluturninum Vesturgötu 27.

12. Nr. 2034018, 1.000 kr., dagsettur 15. febrúar. Notaður í staðgreiðsluviðskiptum, með framsalsstimpli Haukaness hf.

13. Nr. 2034019, 2.000 kr., dagsettur 16. febrúar. Notaður í versluninni Austurstræti 17.

14. Nr. 2034020, 1.000 kr., dagsettur 18. febrúar. Greiddar veitingar á Hótel Borg.

15. Nr. 2034021, 1.000 kr., dagsettur 19. febrúar. Greiddar veitingar í Snæðingi, Tryggvagötu 14.

16. Nr. 2034022, 1.000 kr., dagsettur sama dag. Greiddar veitingar í Kabarett, Austurstræti 4.

17. Nr. 2034023, 2.000 kr., dagsettur 14. febrúar. Greiddar vörur í verslun Miklagarðs sf., Holtagörðum.

18. Nr. 2034024, 8.000 kr., dags. sama dag. Sama og 17. tl.

19. Nr. 2034025, 4.500 kr., dags. sama dag. Sama og 17. tl.

Telst þetta varða við 248. gr. almennra hegningarlaga nr. 19, 1940.

Þess er krafist, að ákærði verði dæmdur til refsingar og til greiðslu alls sakarkostnaðar“.

Málavextir.

Ákærði hefur viðurkennt að hafa gefið út þá tékka, sem í ákæru greinir, án þess að innstæða væri á reikningi hans, og notað tékkana í staðgreiðsluviðskiptum. Er tékkunum og notkun þeirra rétt lýst í ákæru. Hefur ákærði með þessu orðið sekur um brot gegn 248. gr. almennra hegningarlaga.

Viðurlög.

Ákærði hlaut árið 1972 skilorðsbundna frestun ákæru fyrir skjalafals, og 18. janúar 1988 var hann dæmdur í sex mánaða fangelsi fyrir skjalafals og þjófnað.

Refsing ákærða þykir hæfilega ákveðin fangelsi í 60 daga.

Dæma ber ákærða til þess að greiða allan sakarkostnað.

D ó m s o r ð:

Ákærði, Ívar Árnason, sæti fangelsi 60 daga.

Ákærði greiði allan sakarkostnað.
